



MÁLMOSTEYPA

Þorgríms Jónssonar ehf.

MÍÐHRAUNI 6 • 210 GARÐABÆR • SÍMI 544 8900

Festihulsur – Þorgrímsfætur.



MÞJ 248 festihulsa til vinstri á mynd og
MÞJ 244 festihulsur til hægri.

	Hæð	Þyngd	Rörastærð
MÞJ 244	0.75m	14 kg	60mm
MÞJ 248	0.90m	24 kg	75mm

Festihulsur koma með ró og herpihólk.
Ró þrýstir ofan á herpihólk og heldur röri föstu
Rör gengur um 0.3m niður í festihulsu.

Lykilstærðir fyrir ró ca.:

MÞJ 244	88 mm
MÞJ 248	102 mm

Málmosteypa Þorgríms framleiðir tvær gerðir af festihulsum sem er samtengi fyrir rör sem sett er ofan í festihulsur. Festihulsan virkar sem undirstaða og tekur upp álag. Rör eru t.d. ætluð fyrir umferðarmerki eða girðingar. Festihulsa er góð lausn þ.s. krafa er um traustan frágang og gott aðgengi vegna viðhalds eða breytinga sem hægt er að sinna með lámarks fyrirhöfn og kostnaði.

Ef keyrt er á t.d. umferðarmerki þá beygjast/klippist rör niður við festiró á hulsu sem lámarkar slyshættu. Yfirleitt þarf ekki að fara í jarðrask kringum festihulsu eftir tjón og eina sem þarf að gera er að skipta út röri.

Festihulsur eru einnig eru kallað af kaupendum/notendum Þorgrímsfætur.

Festihulsur eru reknar ofan í þjappaða grúsarfyllingu að eða upp undir flans á festihulsu þ.a. aðeins efsti hluti festihuslunar verði sýnilegur og í plani við endanlegt yfirborð.

Festihulsa kemur með ró með grófum gengjum sem er skrúfuð ofan í ferhyrndan flans sem auðvelt er að helluleggja að. Herpihólkur fylgir með og er laus í sæti undir rónni. Við niðursetningu á röri ofan í festihulsu þá er ró losuð af festihulsu og sett upp á rörið ásamt herpihólk þar fyrir neðan. Rör er síðan sett niður í festihulsu og hert þ.a. herpihólkurinn þrýstist um rörið og heldur því föstu.

MÞJ 244 Festihulsa er fyrir 60mm álrör og hugsuð fyrir lámerki eins og akreinavísa í t.d. umferðareyjum.

MÞJ 248 Festihulsa er fyrir 75mm álrör og hugsuð fyrir meira vindálag eins og t.d. hámerki eins og biðskyldumerki o.fl.